

6. júlí 1982.

625

Nr. 355.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka og við Reykjavjarðarál.

1. gr.

Frá og með 7. júlí 1982 til og með 31. júlí 1982 eru allar veiðar með flot- og botnvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka og við Reykjavjarðarál á svæði, sem markast af línunum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 66°40'0 N 22°24'5 V
2. 66°52'1 N 22°37'7 V
3. 66°58'3 N 20°51'0 V
4. 66°37'1 N 21°21'6 V
5. 66°19'6 N 21°11'5 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.